



Samantekt um eftirlitskönnun árið 2021



Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Brekkugötu 17, 600 Akureyri

© Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2022

Texti: Lára Ágústa Ólafsdóttir

Prófarkalestur: Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Markmið og framkvæmd	6
3. Úrvinnsla og niðurstöður	8
3.1 Svörun	8
3.2 Hver svarar könnuninni?	8
3.3 Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga	9
3.4 Námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn	9
3.5. Skjalavistunaráætlun.....	10
3.6 Skráning mála.....	11
3.7 Hvernig eru mál og málsgögn skráð?.....	12
3.8 Málalykill	13
3.9 Aðrar leiðir	13
3.10 Skjalavörslukerfi	13
3.11 Tilkynning um rafrænt skjalavörslukerfi	14
3.12 Rafrænar tikynningar frh.	15
3.13 Skráning í gagnagrunna.....	16
3.14 Skráning í aðra gagnagrunna	16
3.15 Úreltir miðlar.....	17
3.16 Úrelt tölvukerfi.....	18
3.17 Grisjun	18
3.18 Glötuð skjöl	19
3.19 Afhending pappírsskjala.....	20
3.20 Hve mikið?.....	20
3.21 Frágangur skjala	21
4. Helstu niðurstöður	22
5. Næstu skref í ljósi helstu niðurstaðna:	23

Verkefni Héraðsskjalasafnsins:	23
Verkefni afhendingarskyldra aðila:	26
Viðaukar	27
Viðauki 1 - Bréf sem sent var vegna könnunarinnar.....	27
Viðauki 2 - Spurningalistinn	29

1. Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er opinbert skjalasafn og starfar eftir lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Í 9. gr. laganna segir að opinber skjalasöfn skuli hafa eftirlit með því að skilaskyldir aðilar á starfssvæði safnsins fylgi þeim lögum og reglum sem gilda um skjalavörslu. Afhendingarskyldir aðilar eru skilgreindir í 14. gr. áðurnefndra laga en þar kemur fram að sveitarfélög, allar stofnanir og nefndir á þeirra vegum sem fara með stjórnslu, ásamt byggðarsamlögum og öðrum aðilum sem sjá um framkvæmd einstakra stjórnsluverkefna vegna samvinnu sveitarfélaga eru skilaskyld til opinbers skjalasafns. Ef sveitarfélag er aðili að héraðsskjalasafni þá skila umræddar stofnanir í sveitarfélaginu skjölum sínum þangað.

Sveitarfélögin sem standa að Héraðsskjalasafninu á Akureyri eru Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Stofnanir á vegum sveitarfélaganna eru mjög misjafnlega staddar hvað varðar skjalastjórn og skjalvörslu og skilaskyldir aðilar á safnsvæðinu hafa ekki verið skilgreindir til hlítar. Samkvæmt skipurítum sveitarfélaganna fimm og upplýsinga á heimasíðum þeirra eru ekki færri en 46 stofnanir og fyrirtæki á þeirra vegum sem skila eiga skjölum sínum til Héraðsskjalasafnsins en líklega eru þær nokkuð fleiri.

Það eru fleiri en ein leið möguleg fyrir opinbert skjalasafn til þess að fylgjast með skjalahaldi skilaskyldra aðila og leiðbeina þeim um skjalavörslu. Árangursríkast er líklega að fara í heimsóknir, kanna stöðuna og veita ráð á staðnum en það er tímafrekt og er ekki á færi starfsfólks Héraðsskjalasafnsins að gera það reglulega. Fljótlegri leið er að gera rafræna spurningakönnun og fá þannig á skjótan hátt yfirlit yfir skjalahaldið. Lítið fer hins vegar fyrir ráðgjöf með því að gera spurningakönnun og verður að mæta því með öðrum hætti.

Á vormánuðum 2020 var send rafræn spurningakönnun til þeirra sem skila eiga skjölum sínum til Héraðsskjalasafnsins á Akureyri. Því miður var svarhlutfallið ekki nema 22,9 % en það getur

engan vegin talist ásættanlegt og gefur ekki rétta mynd af stöðunni. Því var mjög sambærileg könnun send til sömu aðila í október 2021 og eru niðurstöður þeirrar könnunar raktar hér á eftir.

Akureyri 14. mars 2022

Lára Ágústa Ólafsdóttir

héraðsskjalavörður

2. Markmið og framkvæmd

Helstu markmið könnunarinnar voru:

- Að rækja það hlutverk sem Héraðsskjalasafnið á Akureyri hefur sem eftirlitsaðili skjalavörslu á starfssvæði safnsins samkvæmt 9. gr. laga 77/2014 um opinber skjalasöfn.
- Að fá upplýsingar um stöðu skjalavörslu skilaskyldra aðila á safnsvæðinu.
- Að fá upplýsingar sem nota má til þess að gera áætlun um þjónustu við skjalamyndara.
- Að minna stjórnendur skilaskyldra aðila á ábyrgð þeirra á að skjalavarslan sé í samræmi við lög og reglur.

Svona könnun getur vakið stjórnendur og sveitarstjórnarmenn til umhugsunar um skjalastjórn og skjalavörslu. Í önnum dagsins er hætt við að hún lendi neðarlega á forgangslistanum en það er eigi að síður brýnt að skjalahaldinu sé sinnt eins og öðrum verkum. Það er t.a.m. ekki síður nauðsynlegt að halda því til haga hvernig ákveðin verkefni og úrlausnarefni voru leyst eins og að leysa þau.

Þegar staða skjalavörslunnar liggur fyrir geta stjórnendur gert sér grein fyrir hvað þarf að laga og sett markmið um úrbætur. Að sama skapi getur starfsfólk Héraðsskjalasafnsins séð hvaða úrbóta er þörf og hvaða ráðgjöf og fræðslu þarf að veita.

Könnunin var gerð í Google Forms viðmótinu og var hlekkur sendur til þátttakenda, ásamt kynningarbréfi í tölvupósti. Kynningarbréfið og spurningalistinn eru í viðauka. Könnunin var

send til 46 aðila þann 28. október og þeim gefinn frestur að svara til og með 10. nóvember.
Svarendur voru minntir á að svara þann 3. nóvember og svo aftur 8. nóvember.

Könnunina fengu:

Akureyrarbær, bæjarskrifstofur	Amtsbókasafnið á Akureyri
Brekkuskóli	Eyjafjarðarsveit, skrifstofa
Fallorka	Giljaskóli
Glerárskóli	Hjúkrunarheimilið Grenilundur
Grenivíkurskóli	Grýtubakkahreppur, skrifstofa
Hafnarsamlag Norðurlands bs.	Heilsuleikskólinn Álfasteinn, Hörgársveit
Hlíðarfjall	Hlíðarskóli
Hrafnagilsskóli	Hríseyjarskóli
Hörgársveit, skrifstofa	Leikskólinn Álfaborg, Svalbarðseyri
Leikskólinn Hulduheimar	Leikskólinn Iðavöllur
Leikskólinn Kiðagil	Leikskólinn Klappir
Leikskólinn Krógaból	Leikskólinn Krummafótur, Grenivík
Leikskólinn Krummakot, Eyjafjarðsveit	Leikskólinn Lundarsel - Pálmholt
Leikskólinn Naustatjörn	Leikskólinn Tröllaborgir
Listasafnið á Akureyri	Lundarskóli
Lystigarður Akureyrar	Minjasafnið á Akureyri
Naustaskóli	Norðurorka
Oddeyrarskóli	Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur
Síðuskóli	Skipulags- og byggingafulltrúi Eyjafjarðar bs.
Slökkvilið Akureyrar	Sundlaug Akureyrar
Svalbarðsstrandahreppur, skrifstofa	Tónlistarskóli Eyjafjarðar
Tónlistarskólinn á Akureyri	Valsárskóli
Vistorka	Þelamerkurskóli

Að þessu sinni var könnunin ekki send til Grímseyjarskóla þar sem skólinn er ekki starfandi veturinn 2021-2022.

3. Úrvinnsla og niðurstöður

3.1 Svörun

Af þeim 46 sem fengu könnunina senda svöruðu 38, sem er 82,6 % svarhlutfall.

Þeir sem svöruðu ekki voru:

Eyjafjarðarsveit, skrifstofa

Giljaskóli

Hjúkrunarheimilið Grenilundur

Grýtubakkahreppur, skrifstofa

Leikskólinn Álfaborg Svalbarðseyri

Leikskólinn Iðavöllur


Síðuskóli

Valsárskóli.

Í fljótu bragði er ekki eitthvað eitt sem tengir þessar stofnanir saman og því geta ástæður þess að könnuninni var ekki svarað verið ólíkar.


3.2 Hver svarar könnuninni?

Könnunin var send til bæjarstjóra, sveitarstjóra og forstöðumanna stofnanna enda bera þeir ábyrgð á skjalastjórninni skv. 22. gr. laga nr. 77/2014. Þeim var bent á þann möguleika að fela þeim sem best þekkir til skjalahaldsins að svara ef þeir vildu ekki gera það sjálfir. Þrír yfirmenn tóku þann valkost og þrír svarendanna eru sveitarstjórar/bæjarstjóri.



3.3 Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga


Í þriðju spurningu var spurt hvort svarandinn hefði kynnt sér og notað *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, sem gefin var út af Þjóðskjalasafni Íslands árið 2010. Einhverjir hlutar hennar eru úreltir en bókin er eigi að síður gagnleg og nýtist við skjalastjórn og skjalavörslu.



15 svöruðu neitandi og 9 vissu ekki af því að handbókin væri til. Aðrir, eða 14, sögðust hafa kynnt sér bókina.


3.4 Námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn

Spurt var hvort sá/sú sem svaraði hefði sótt námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn. Ýmsir möguleikar eru í boði til þess, t.d. hefur skjalastjóri Akureyrarbæjar boðið reglulega upp á námskeið í skjalakerfinu ONESystems fyrir notendur innan bæjarkerfisins, Þjóðskjalasafn hefur boðið upp á námskeið sem standa starfsfólki sveitarfélaga opin og einnig bjóða fyrirtæki upp á námskeið á þessu sviði. 22 svöruðu spurningunni neitandi og 16 játandi.



3.5. Skjalavistunaráætlun

Í fimmtu spurningunni var spurt að því hvort stofnunin hefði skjalavistunaráætlun. Í skjalavistunaráætlun eru skráðar upplýsingar um myndun, varðveislu og aðgengi að öllum skjalaflokkum sem til verða í starfsemi viðkomandi stofnunar. Ekki var útskýrt hvað skjalavistunaráætlun er en gert ráð fyrir að svarandinn vissi það eða leitaði sér upplýsinga um það.



22 svarendanna svöruðu spurningunni neitandi, 11 játandi og 5 völdu kostinn „veit ekki“.


Samkvæmt reglunum sem gilda um skjalavistunaráætlanir skulu þær samþykktar af því opinbera skjalasafni sem kemur til með að varðveita skjöl viðkomandi stofnunar.

Héraðsskjalasafnið hefur samþykkt skjalavistunaráætlanir fyrir 18 af þeim sem fengu könnunina senda og því eru svörin ekki alveg í samræmi við það. Ekki var spurt hvort skjalavistunaráætlun

unin hefði verið samþykkt en einhver dæmi eru um að stofnanir sem hafa ekki sent inn skjalavistunaráætlun til samþykktar segjast hafa áætlun. Kannski er unnið eftir ósamþykktri áætlun í þeim tilvikum, þótt það sé ekki æskilegt.

3.6 Skráning mála

Í sjöttu spurningu var spurt um skráningu mála, þ.e. hvort mál og málsgögn sem koma til meðferðar hjá stofnuninni séu skráð á kerfisbundinn hátt og málsgögn varðveitt þannig að þau séu aðgengileg.




Miðað við svörin er innan við helmingur stofnanna sem fara eftir gildandi reglum og skrá mál. 13 svara því til að málin séu skráð jafnóðum og þau verða til og 3 segjast vera aðeins á eftir með málaskráninguna. Jafn margir eða 16 segjast ekki skrá mál en öllum skjölum sem tilheyra tilteknu máli sé haldið saman og séu tiltæk þegar á þarf að halda. Athygli vekur að 6 svara því til að ekkert af þessu eigi við hjá þeim.

3.7 Hvernig eru mál og málgögn skráð?

Sjöunda spurningin er nátengd fyrri spurningu en spurt var um hvernig málin væru skráð. Eins og fram kemur hér að framan sögðust 16 aðilar skrá mál sín en samkvæmt svörum í sjöundu spurningu eru helmingi fleiri eða 32 að skrá mál sín á einhvern hátt. Þetta ósamræmi vekur spurningar um hvort orðalag sjöttu spurningarinnar hafi boðið upp eitthvern annan skilning en spurningahöfundur hafði í huga. Ef horft er framhjá því verður það að teljast mun betri niðurstaða að helmingi fleiri, eða 32, eru að skrá mál og málgögn samkvæmt reglum eins og niðurstaðan í þessari spurningu bendir til.


Af þeim 32 sem eru að skrá málin skrá 15 málin í rafrænt skjalavörslukerfi, 8 skrá mál í fleiri en eina skrá, 8 skrá í rafræna málaskrá s.s. Excel- eða Word-skrá og 1 skráir mál í bréfadagbók.



Eins og í sjöttu spurningunni velja 6 svarmöguleikann „ekki af þessu á við“.

3.8 Málalykill

Áttunda spurningin tengist fyrri tveimur spurningum en þar var spurt hvort notaðir væru málalyklar til þess að raða og halda utan um málafnið. 21 svaraði því játandi, 14 neitandi og 3 svöruðu því til að það ætti ekki við.



3.9 Aðrar leiðir


Níunda spurningin var valkvæð en 13 svöruðu henni eigi að síður. Spurt var hvernig málum væri raðað ef ekki væri notaður málalykill og gefinn var möguleiki á því að svara með stuttu svari.

Spurningin var höfð með vegna þess að vitað er að það eru alls ekki allir með samþykta málalykla og líka að einhverjir nota sérsniðið kerfi þrátt fyrir að reglur boði annað. Svörin benda til þess að bæði er notast við dagsetningu skjala og stafrófsröðun; sumir nota sérsniðið kerfi og í einhverjum tilvikum er málalykill í vinnslu.

3.10 Skjalavörslukerfi

Í tíundu spurningu var spurt hvort stofnunin notaði að einhverju eða öllu leyti rafrænt skjalavörslukerfi s.s. OneSystems eða SharePoint. Vitað er að margir eru að nota


skjalavörslukerfi, þótt Héraðsskjalasafninu hafi ekki enn borist tilkynning um það¹. Samkvæmt svörum eru 20 að nota skjalavörslukerfi en 18 ekki.



3.11 Tilkynning um rafrænt skjalavörslukerfi

Spurt var hvort skjalavörslukerfið hefði verið tilkynnt. Samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns nr. 877/2020 bera að tilkynna rafrænt gagnasafn áður en það er tekið í notkun. Tilkynningin er í raun umsókn því hið opinbera skjalasafn sem tekur við skjölum viðkomandi stofnunar þarf að taka afstöðu um varðveislu gagnanna í kerfinu. Miðað við svörin í síðustu spurningu (spurning 10) og orðalagið í þessari hefði mátt búast við svörum frá 20. Spurningin var valkvæð en það voru 28 sem svöruðu og langflestir svöruðu því til að þeir vissu það ekki. Þegar könnunin var gerð hafði safnið ekki fengið tilkynningu um rafrænt gagnasafn til meðferðar en eigi að síður töldu 8 svarendur að skjalavörslukerfið hafi verið tilkynnt. Líklegasta skýringin á þessu misræmi er að svarendur viti ekki betur og/eða telja líklegt að kerfið hafi verið tilkynnt (eru því að giska vitlaust). Einnig er hugsanlegt að einhverjar aðrar tilkynningar hafi verið gerðar vegna skjalavörslukerfisins s.s. um kaup eða uppsetningu kerfisins og fólk hafi ekki gert sér grein fyrir að því að skoða þyrfti þann hluta sér snýr að vörslu upplýsinganna í kerfinu sérstaklega.

¹ Síðan könnunin var gerð hefur þetta breyst, tilkynning barst frá bæjarskrifstofunum á Akureyri í desember.




3.12 Rafrænar tikynningar frh.

Tólfstu spurningunni var beint til þeirra sem nota rafrænt skjalavörslukerfi en hafa ekki tilkynnt það. Spurt var hvort það sé á áætlun á næstu tveimur árum að tilkynna kerfið. Spurningin var valkvæð en miðað við svörin í spurningu 10 hefði mátt ætla að ekki myndu allir svara. 25 svöruðu, langflestir treysta sér ekki til að segja til um það, 4 segja það ekki eiga við og 2 telja að það verði gert síðar. 5 telja að skjalavörslukerfi verði tilkynnt á næstu tveimur árum.

Í spurningunni var boðið upp á svarmöguleikann: „Nei, það er ekki á stefnuskránni að varðveita gögn stofnunarinnar með rafrænum hætti“ en enginn valdi þann kost. Samkvæmt því má ætla að allir sem svöruðu spurningunni stefni að rafrænni varðveislu, enginn sjái framtíðarskjala-vörslu fyrir sér á pappír.


Ef svarið við síðustu spurningu er nei, er áætlað að tilkynna skjalavörslukerfið til Héraðsskjalasafnið á Akureyri á næstu tveimur árum?
Alls 25 svör



3.13 Skráning í gagnagrunna

Í spurningu 13 var spurt hvort reglulega væri skráð í rafræna gagnagrunna eða skrár sem varðveittar eru hjá stofnuninni. Helmingurinn svaraði því játandi eða 19. Ekki var spurt hvort um fleiri en einn grunn eða skrár væri að ræða.


Eru einhverjar upplýsingar skráðar reglulega í rafræna gagnagrunna eða skrár sem varðveittar eru hjá stofnuninni s.s. Claris, FileMaker, Excel, Word?
Alls 38 svör



3.14 Skráning í aðra gagnagrunna


Pegar spurt var hvort stofnunin skrái reglulega upplýsingar í gagnagrunna sem eru í umsjón annarra stofnana svaraði góður meirihluti því játandi eða 31. Það kemur ekki á óvart því t.d.

skrá grunnskólar og leikskólar reglulega í slíka grunna en ríflega helmingur þeirra sem könnunin náði til eru leik- og grunnskólar. Ekki var spurt hvort skráð væri í fleiri en einn slíkan grunn.



3.15 Úreltir miðlar

Í spurningu 15 var spurt hvort einhver gögn væru varðveitt á úreltum miðlum hjá stofnuninni, s.s. floppy-diskum eða disklingum.




Svörin voru á þá leið að 7 vissu til þess að svo væri, 4 vita það ekki fyrir vísit og 27 svara því neitandi.

3.16 Úrelt tölvukerfi


Sextánda spurningin var keimlík þeirri síðustu en þar var spurt hvort stofnunin varðveiti einhver gögn í úreltum tölvukerfum. 3 svöruðu því játandi, 26 neitandi og 9 að það væri ekki vitað.

Eftir á að hyggja hefði verið betra að skilgreina hvað nákvæmlega átt væri við með „úrelt tölvukerfi“. Þannig getur hugtakið bæði átt við hugbúnað sem stenst ekki kröfur nútímans, þykir gamaldags eða eitthvað slíkt. Eins getur verið átt við það að hugbúnaðurinn er kominn á það stig að ekki er hægt að opna kerfin/skrárnar og því ekki hægt að nálgast upplýsingar sem þar eru. Með nákvæmari skilgreiningu er tryggara að svörin séu í takt við veruleikann.



3.17 Grisjun


Spurt var hvort stofnunin hefði grisjað skjöl en með grisjun er átt við skipulega eyðingu skjala úr skjalasöfnum samkvæmt lögum og reglum eða að fengnu leyfi til þess.



Miðað við svörin hefur tæpur helmingur svarenda (16) grisjað skjöl í samræmi við reglur þar um eða að fengnu leyfi til þess. 9 hafa ekki grisjað og 13 vita ekki hvort það hefur verið gert. Svörin vekja ýmsar spurningar. Reglurnar hafa verið til síðan 2010 og veita nokkuð svigrúm til grisjunar s.s. til grisjunar fylgiskjala bókhalds og prófúrlausna. Ef ekki hefur verið grisjað þá kunna skýringarnar að vera þær að forstöðumaðurinn þekkir ekki til þessara reglna og eins getur plássið verið nægjanlegt hjá viðkomandi skjalamyndara og ekkert hafi ýtt sérstaklega á grisjun. Ef forstöðumaður veit ekki hvort skjalasafn stofnunarinnar hefur verið grisjað getur verið að það hafi verið gert án þess að fólk viti að ákveðnar tiltektir gætu flokkast sem grisjun, forstöðumaðurinn er til þess að gera nýr í starfi og þekkir ekki til þess sem gerðist áður og sér þess engin merki í skjalasafninu vegna þess að grisjunin hafi ekki verið skráð eins og kveðið er á í reglunum og kannski eitthvað fleira.


3.18 Glötuð skjöl

Í 18 spurningunni var spurt hvort vitað væri til þess að skjöl hafi týnst, orðið fyrir skemmdum eða verið hent fyrir slysi. 23 svöruðu því neitandi, 11 vita ekki til þess en 4 svöruðu því játandi.



3.19 Afhending pappírsskjala

Í 15. grein laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 kemur fram að þegar skjöl hafa náð 30 ára aldri skuli þau afhent opinberu skjalasafni. Í spurningu 18 var spurt hvort einhver skjöl væru eldri en 30 ára hjá stofnuninni og ættu að vera komin til varðveislu á Héraðsskjalasafnið. 28 svöruðu því neitandi og 2 vita það ekki fyrir víst. Hins vegar svöruðu 8 því til að einhver skjöl væru hjá þeim, sem ættu að vera komin á safnið.




3.20 Hve mikið?

Næsta spurning var valkvæð enda var þar spurt um magn þeirra skjala sem orðin væru 30 ára og ættu að vera komin á skjalasafnið. 7 svöruðu og miðað við svörin er samtals um að ræða innan við 20 hillumetra.

3.21 Frágangur skjala

Í síðustu spurningunni var spurt hvort eldri skjöl stofnunarinnar hefðu verið skráð og gengið frá þeim í skjalaöskjur.



Í helmingi tilvika hafa eldri skjölin verið skráð og sett í skjalaöskjur. 9 svara því til að svo sé ekki og 5 að það hafi verið gert að hluta til. 3 segja að það eigi ekki við og 2 vita það ekki.

4. Helstu niðurstöður

- Svörun. Svarhlutfall í könnuninni var 82,6% sem þætti alveg ásættanlegt ef um skoðanakönnun væri að ræða. Svo er hins vegar ekki. Könnunin byggir á lögboðnu hlutverki og samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr 77/2014 ber afhendingarskyldum aðilum skylda til þess að veita þær upplýsingar sem opinbert skjalasafn fer fram á. Í kynningarbréfinu kom skýrt fram að um lögboðið eftirlit væri að ræða.
- Flest allir yfirmenn svara. Könnunin var send til yfirmanna og tóku þeir flest allir þann kost að svara sjálfir, fremur en fela það öðrum starfsmanni. Vitað er að fæstar stofnanir á starfssvæði safnsins hafa sérstaka skjalastjóra eða umsjónarmenn með skjalasafninu.
- Handbók og námskeið. Svör gefa til kynna að nærri helmingur stjórnenda hefur sótt námskeið og/eða kynnt sér efni um skjalavörslu og skjalastjórn.
- Skjalavistunaráætlanir. Um 2/5 þeirra sem fengu könnunina ættu að vinna eftir skjalavistunaráætlun sem safnið hefur samþykkt. Svörin benda hins vegar til þess að það er ekki á allra vitorði og að þetta grundvallarverkfæri skjalastjórnunar sé ekki notað sem skyldi.
- Mál, skráning mála og málgagna og málalyklar. Svörin við spurningunum um skráningu mála, hvernig þau eru skráð og hvort notaður sé málalykill benda til þess að skilningur á hugtakinu mál sé ekki nógu góður. Einnig virðist mál ekki vera skráð hjá allmörgum en mun fleiri geta þó sagt til um hvernig þau eru skráð. Á nokkrum stöðum eru ekki notaðir málalyklar heldur eitthvert kerfi sem til hefur orðið á stofnuninni. Slík kerfi eru vissulega á skjön við reglur og eru forgengilegri en málalyklar.
- Rafræn skjalavarsla. Í könnuninni voru sjö spurningar sem tengjast rafrænum gagnakerfum og því vinnulagi sem reglur segja til um að þurfi að fylgja ef stefnt er að rafrænni varðveislu. Í nútíma samfélagi er ekkert nema eðlilegt og sjálfsagt að notast sé við þá möguleika sem tölvur, rafræn skjalavörslukerfi og gagnasöfn bjóða uppá enda kemur fram að notkun þessara kerfa er almenn á safnsvæðinu. Kerfin hafa hins vegar ekki verið tilkynnt eins og skylt er að gera.

Nokkrar stofnanir eru að skrá upplýsingar í miðlæga gagnagrunna og nokkur dæmi eru um að gögn eru á úreltum miðlum og tölvukerfum.

- Eldri skjöl og frágangur þeirra. Miðað við svörin er eitthvað á annan tug hillumetra af pappírsskjölum sem eldri eru en 30 ára enn ókomin á Héraðsskjalaskjalasafnið. Það er líka að sjá sem stofnanir séu vel á veg komnar með að skrá og ganga frá skjölum jafnóðum. Ekki var spurt um hve mikið af yngri skjölum er væntanlegt á næstu árum.

5. Næstu skref í ljósi helstu niðurstaðna:

Það er mikilvægt að nota niðurstöður könnunarinnar í því skyni að bæta skjalavörsluna á starfssvæði safnsins. Verkefnin eru bæði á verksviði safnsins og hjá stofnunum sjálfum. Verkefnin eru umfangsmikil og taka sinn tíma en verða ekki umflúin.

Verkefni Héraðsskjalasafnsins²:

- Hvetja til samstarfs þeirra sem sinna sambærilegum verkefnum við að koma skjalavörslu og skjalastjórn í betra horf enda má búast við hagkvæmari og hraðari breytingum með því móti.

Leiðir:

- Senda bréf og hvetja til samstarfs
- Koma með ábendingar þar um í heimsóknum og samtölum.

- Hveta fólk til þess að sækja námskeið og afla sér þekkingar um skjalastjórn og skjalavörslu.

Leiðir:

- Búa til netfangalista og nota til þess að vekja athygli á námskeiðum og námsleiðum eftir því sem við á.

² Listinn hér fyrir neðan er hvorki tæmandi né í áhersluröð.

- Stuðla þarf að því að stofnanir hafi samþykktar skjalavistunaráætlanir og noti þær.

Leiðir:

- Senda bréf og benda á reglurnar sem gilda um skjalavistunaráætlanir
- Koma með ábendingar í heimsóknum og samtölum.
- Útbúa einfalt fræðsluefni til þess að nota á samfélagsmiðlum og til þess að senda í tölvupósti.
- Nýta fræðsluefni annarra og deila á samfélagsmiðlum og áframsenda í tölvupósti

- Bæta þarf skilning á því hvað er mál. Stuðla þarf að betri skráningu mála og málsgagna og að allir hafi og noti samþykka málalykla.

Leiðir:

- Senda bréf og benda á lög og reglur sem gilda um skráningu mála og um málalykla.
- Koma með ábendingar í heimsóknum og samtölum.
- Útbúa einfalt fræðsluefni til þess að nota á samfélagsmiðlum og til þess að senda í tölvupósti.
- Nýta fræðsluefni annarra og deila á samfélagsmiðlum og áframsenda í tölvupósti

- Vinna að því að safnið geti farið yfir tilkynningar um rafræn gagnasöfn og í framhaldi tekið á móti rafrænum vörsluútgáfum og/eða verið þátttakandi í sameiginlegum verkefnum á þessu sviði eftir því sem lagaheimildir bjóða og ákveðið verður af sveitarfélögum og öðrum stjórnvöldum.

Leiðir:

- Minna sveitarstjórnarfulltrúa og aðra sem málið varða á verkefnið, eftir því sem tilefni er til og aðstæður gefast.

- Skoða þarf sérstaklega þau tilvik þar sem gögn eru geymd á úreltum miðlum og tölvukerfum, sbr. spurningar 15 og 16.

Leiðir:

- Hafa samband við þær stofnanir sem um ræðir, fá nánari upplýsingar og hvaða möguleikar/þörf eru á varðveislu/endurheimt upplýsinganna.
- Koma skráningu á tilvikum í fastari skorður.

- Skoða þarf varðveislu þeirra upplýsinga sem skráðar eru í gagnagrunna sem eru í umsjón annarra en stofnunarinnar, sbr. spurningu 14.

Leiðir:

- Hafa samband við þær stofnanir sem um ræðir, fá nánari upplýsingar um hvaða gagnagrunna er að ræða. Skoða þarf hvert tilvik fyrir sig í ljósi varðveislu.
- Koma skráningu á tilvikum í fastari skorður.

- Afla þarf betri upplýsinga varðandi skjöl sem hafa glatast, sbr. spurningu 18.

Leiðir:

- Hafa samband við þær stofnanir sem um ræðir, fá nánari upplýsingar og hvaða möguleikar eru á endurheimt upplýsinga.
- Koma skráningu á tilvikum í fastari skorður.

- Vinna áfram að því að skjölin komi skráð og frágengin á safnið

Leiðir:

- Minna á verkefnið eftir því sem tilefni er til,
- Veit leiðsögn um verkefnið og benda á leiðbeiðingar og kennsluefni um frágang.

Verkefni afhendingarskyldra aðila:

Almennt séð þurfa afhendingarskyldir aðilar á safnsvæðinu að bæta skjalahald sitt og það er á ábyrgð stjórnenda að koma því í kring.

Forgangsverkefnin eru:

- Bæta málaskráninguna.
- Nota samþykktan málalykil ef hann er til.
- Ef málalykillinn er ekki til þá þarf að gera hann og fá hann samþykktan.
- Nota skjalavistunaráætlunina ef hún er til.
- Gera skjalavistunaráætlun fyrir stofnunina ef hún er ekki til og fá hana samþykta.

Þessi verkefni fela í sér nákvæma skoðun á verkefnum stofnunarinnar og þeim skjölum sem verða til við úrlausn þeirra. Þau fela einnig í sér grisjun á skjölum, umsóknir um grisjunarheimildir og síðan frágang og pökkun á eldri skjölum til afhendingar á Héraðsskjalasafnið. Samhliða yrði unnið að tilkynningu um rafræn gagnasöfn.

Það er líka að verða mjög aðkallandi að sveitarfélögin marki sér framtíðarstefnu um rafræna varðveislu. Það er ekki nóg að verða sér út um rafræn skjalavörslukerfi og vinna kappsamlega að aukinni og betri rafrænni þjónustu við almenning; það þarf að hugsa um varðveisluna líka. Það er til lítils að búa til mikið magn gagna sem verða með öllu óaðgengileg eftir nokkur ár. Hvaða leiðir eru færar? Er þetta verkefni sem sveitarfélög geta og vilja sameinast um?

Viðaukar

Viðauki 1 - Bréf sem sent var vegna könnunarinnar

Til afhendingarskyldra aðila á starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri

Efni: Könnun á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að hafa eftirlit með því að afhendingarskyldir aðilar sveitarfélaga á starfssvæði þess fylgi lögum og reglum sem gilda um skjalavörslu og skjalastjórn. Afhendingarskyldir aðilar eru tilgreindir í 14. grein ofangreindra laga.

Nú er send út könnun til þeirra aðila sem afhendingarskyldir eru til Héraðsskjalasafnsins á Akureyri. Þetta er í annað skiptið sem svona könnun er gerð en fyrri könnun var send út á vormánuðum 2020. Könnunin 2020 heppnaðist ekki nægjanlega vel einkum vegna þess hve svarhlutfallið var lágt og gáfu niðurstöðurnar því ekki nægjanleg áreiðanlega mynd af stöðunni. Þess vegna er nú aftur farið af stað, með sömu markmið og tilgang og áður.

Markmið könnunarinnar eru:

- Að fá upplýsingar um stöðu skjalavörslu skilaskyldra aðila á safnsvæðinu
- Að fá upplýsingar sem nota má til þess að gera áætlun um þjónustu við þá sem skila skjölum sínum til Héraðsskjalasafnsins
- Að fá upplýsingar um skjalakost afhendingarskyldra aðila, umfang pappírsskjala og fjölda rafrænna kerfa til þess að meta þörf Héraðsskjalasafnsins fyrir geymslurými í nánustu framtíð

Samkvæmt lögum nr 77/2014 um opinber skjalasöfn ber forstöðumaður ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn síns embættis, stofnunar eða fyrirtækis. Þetta bréf, ásamt hlekk á könnunina sjálfa, er því sent til forstöðumanna en ef þeir svara ekki sjálfir er best að sá svari sem best þekkir til s.s. skjalastjóri eða umsjónarmaður skjalasafns. Í könnuninni eru aðeins 21 spurning og flestar þeirra eru krossaspurningar. Það ætti því ekki að taka nema stutta stund að svara.

Könnunin er send til 46 aðila og rétt er að hafa í huga að hér er ekki um skoðanakönnun að ræða heldur upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu hlutverki Héraðsskjalasafnsins. Það er því mjög mikilvægt að allir svari.

Vinsamlegast svarið eigi síðar en **10. nóvember** n.k.

Beina má spurningum til héraðsskjalavörðar á netfangið herak@herak.is eða lara@akureyri.is.

Könnuninni er svarað með því að ýta á þennan hlekk:

<https://forms.gle/fwKcBTtNZmq3SqDQ6>

Kær kveðja og gangi ykkur vel,

Með kveðju,

Lára Ágústa Ólafsdóttir

héraðsskjalavörður

Könnun á skjalavörslu og skjalastjórnskilaskyldra aðila

* Áskilið

1. Hvert er heiti stofnunarinnar? *

2. Sá/sú sem svarar könnuninni er *

Merktu aðeins við einn valkost.

- sveitarstjóri eða staðgengill hans
- yfirmaður stofnunarinnar
- annar starfsmaður

3. Hefur sá/sú sem svarar kynnt sér og notað Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga (Þjóðskjalasafn Íslands, 2010) *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
- Nei
- Nei, ég vissi ekki af þessu riti

4. Hefur sá/sú sem svarar sótt námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
- Nei

5. Samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns nr. 571/2015 ber þeim sem skila gögnum sínum til opinbers skjalasafns að hafa skjalavistunaráætlun til þess að hafa reiðu og yfirsýn yfir skjalasafn sitt. Er stofnunin með skjalavistunaráætlun? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
 Nei
 Veit ekki

6. Í reglum Þjóðskjalasafns nr. 85/2018 er kveðið á um að mál sem koma til meðferðar hjá afhendingarskyldum aðilum skuli skráð á kerfisbundinn hátt og málgögn varðveitt þannig að þau séu aðgengileg. Merktu við besta svárið hér á eftir. *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Unnið er eftir reglum nr. 85/2018 og mál eru skráð jafnóðum og málin verða til
 Unnið er eftir reglum nr. 85/2018 en málaskráningin er nokkuð á eftir
 Mál eru ekki skráð en öllum skjölum sem tilheyra tilteknu máli er haldið saman og eru tiltæk þegar á þarf að halda
 Ekkert af þessu á við

7. Hvernig eru mál og málgögn skráð? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Í bréfadagbók
 Í rafræna málaskrá s.s. Excel eða Word
 Í rafrænt skjalavörslukerfi t.d. OneSystem, SharePoint eða GoPro
 Mál eru skráð í fleiri en eina skrá
 Ekkert af þessu á við

8. Samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns nr. 572/2015 ber þeim sem skila gögnum sínum til opinbers skjalasafns að nota málalykla til þess að raða og halda utan um skjalaflokkinn málaflokkinn. Notar stofnunin málalykla við flokkun málaflokkanna? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
 Nei
 Á ekki við

9. Ef stofnunin notar ekki málalykla til þess að halda utan um og raða málafninu, hvernig er málunum raðað? (t.d. í tímaröð, í stafrófsröð, eftir heimasíðuðu kerfi)
-

10. Notar stofnunin rafrænt skjalavörslukerfi að einhverju eða öllu leyti, t.d. OneSystems, SharePoint, GoPro? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
 Nei

11. Ef svarið við síðustu spurningu er já, hefur skjalavörslukerfið verið tilkynnt til Héraðsskjalasafnsins á Akureyri?

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
 Nei
 Veit ekki

12. Ef svarið við síðustu spurningu er nei, er áætlað að tilkynna skjalavörslukerfið til Héraðsskjalasafnsins á Akureyri á næstu tveimur árum?

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
 Nei en það verður gert síðar
 Nei, það er ekki á stefnuskránni að varðveita gögn stofnunarinnar með rafrænum hætti
 Á ekki við (t.d. er á annarra ábyrgð)
 Veit ekki

13. eru einhverjar upplýsingar skráðar reglulega í rafræna gagnagrunna eða skrár sem varðveittar eru hjá stofnuninni s.s. Claris, FileMaker, Excel, Word? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
 Nei

14. eru einhverjar upplýsingar skráðar reglulega í rafræna gagnagrunna sem eru í umsjá annarra stofnana s.s. Menningarbrunnur, Sarpur, Fasteignaskrá, Mentor, Karellen, SafeSeaNet, Gegnir? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
 Nei

15. Varðveitir stofnunin einhver gögn á úreltum miðlum s.s. floppy-diskum eða disklingum? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
 Nei
 Veit ekki

16. Varðveitir stofnunin einhver gögn í úreltum tölvukerfum? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
 Nei
 Veit ekki

17. Hefur stofnunin grisjað skjöl? Með grisjun er átt við skipulega eyðingu skjala úr skjalasöfnum samkvæmt lögum og reglum. *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já, í samræmi við reglur Þjóðskjalasafns nr. 627/2010 um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga og/eða eftir að grisjunarleyfi var veitt
- Nei
- Veit ekki

18. Er vitað til þess að skjöl hafi týnst, orðið fyrir skemmdum eða verið hent fyrir slysi? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
- Nei
- Veit ekki

19. Er stofnunin með pappírsskjöl sem eru orðin eldri en 30 ára og eiga að vera komin í vörslu Héraðsskjalasafnins? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
- Nei
- Veit ekki

20. Ef svarið við síðustu spurningu er já, hvað er það u.þ.b. mikið í metrum talið?

-
21. Hefur verið gengið frá eldri skjölum stofnunarinnar í skjalaöskjur og þau skráð? *

Merktu aðeins við einn valkost.

- Já
- Nei
- Já, að hluta
- Á ekki við
- Veit ekki